



## SAMÞYKKTIR

### MAREL HF.

1	HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR	2
2	HLUTAFÉ FÉLAGSINS	2
3	STJÓRNSKIPULAG	3
4	HLUTHAFAFUNDIR	3
5	STJÓRN FÉLAGSINS	6
6	STJÓRNARKJÖR	6
7	VERKASKIPTING STJÓRNAR	7
8	STJÓRNARFUNDIR	7
9	FORSTJÓRI	8
10	REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN	8
11	EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS	8
12	BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS	8
13	SLIT Á FÉLAGINU	8
14	SAMRUNI OG SKIPTING	8
15	SÉRÁKVÆÐI UM HLUTAFJÁRHÆKKANIR OG FLEIRA.	8
16	HEIMILD STJÓRNAR TIL AÐ BREYTA HLUTAFÉ Í EVRUR	9
17	ÖNNUR ÁKVÆÐI	9

## SAMÞYKKTIR

### MAREL HF.

#### **1 Heiti félagsins, heimili og tilgangur**

- 1.1 Heiti félagsins er Marel hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Heimilisfang félagsins er að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.
- 1.4 Tilgangur félagsins er þróun, hönnun, framleiðsla, kaup og sala á rafeindatækjum, hugbúnaði og skyldum búnaði innanlands og erlendis, svo og tilheyrandi þjónusta og starfsemi.

#### **2 Hlutfé félagsins**

##### **Hlutfé – hlutir - atkvæði.**

- 2.1 Hlutfé félagsins er kr. 367.080.732.
- 2.2 Hver hlutur er ein króna.
- 2.3 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.  
(Sérákvæði um hlutfjárhækkanir og önnur sérákvæði er að finna í grein 15 og 16).

##### **Aukning hlutfjár**

- 2.4 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutfjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

##### **Forgangsréttur**

- 2.5 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. hlutafélagalaga.

##### **Hlutabréf - hlutaskrá**

- 2.6 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- 2.7 Hlutaskrá samkvæmt ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

##### **Sala hluta og eigendaskipti**

- 2.8 Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

##### **Réttindi og skyldur hluthafa**

- 2.9 Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né heldur fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.
- 2.10 Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

### **Samskipti við hluthafa**

- 2.11 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

## **3 Stjórnskipulag**

- 3.1 Með stjórnun félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

## **4 Hluthafafundir**

- 4.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

### **Réttur til þátttöku**

- 4.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.
- 4.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.
- 4.4 Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 4.5 Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þátttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift

viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

### **Rafrænir hluthafafundir**

- 4.6 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 4.7 Telji stjórnin gerlegt að halda fundinn algjörlega rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þátttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þátttöku í fundinum. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

### **Atkvæðagreiðsla utan fundar**

- 4.8 Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.

### **Umboð**

- 4.9 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.
- 4.10 Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

### **Lögmæti hluthafafunda**

- 4.11 Hluthafafundur er lögmætur, ef hann sækja (taka þátt í) fulltrúar sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjárins hið minnsta.

### **4.12 Aðalfundur**

- 4.13 Aðalfund skal halda innan átta mánaða frá lokum reikningsárs á hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum í grein 4.16 og 4.17.

### **Dagskrá aðalfundar**

- 4.14 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
5. Kosning stjórnar félagsins sbr. grein 5.1.
6. Kosning endurskoðanda sbr. grein 10.1.
7. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.20 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.
8. Önnur mál.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn

skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir aðalfund.

#### **Boðun hluthafafunda**

- 4.15 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.
- 4.16 Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. ákvæðum 2.mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.
- 4.17 Hluthafafundir skulu boðaðir með auglýsingu í fjölmiðlum eða með rafrænum hætti.

#### **Boðunarfrestur**

- 4.18 Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmst einnar viku fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Æskilegt er að aðalfundur verði boðaður með tveggja vikna fyrirvara telji stjórn félagsins það mögulegt en heimilt er að boða fundinn með einnar viku fyrirvara.
- 4.19 Fundarefnis skal getið í fundarboði.
- 4.20 Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

#### **Tillögur frá hluthöfum**

- 4.21 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sem leggja skal fram sjö 7 sólahringum fyrir fund.

#### **Dagskrá**

- 4.22 Dagskrá skal lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt endanlegum tillögum sem koma eiga til afgreiðslu, eigi skemur en 7 sólahringum fyrir fund.

#### **Breytingartillögur.**

- 4.23 Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

#### **Mál sem ekki eru á dagskrá**

- 4.24 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.
- 4.25 Komi fram tillögur undir dagskrárliðnum "Önnur mál" verða þau ekki tekin til endanlegrar úrlausnar sbr. gr. 4.23

## **Fundarstjóri**

- 4.26 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

## **Fundargerðarbók**

- 4.27 Halda skal sérstaka fundargerðarbók og skrá þar allar fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna, svo og gagnorðar fundargerðir. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá athugasemdir sem fram koma. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum hluthafafundi.

## **Atkvæðavægi**

- 4.28 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða.

## **5 Stjórn félagsins**

- 5.1 Aðalfundur félagsins kýs árlega 6 menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum.

### **Framboð**

- 5.2 Þeir sem hyggjast kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmst 5 dögum fyrir hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.
- 5.3 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni frestsins, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.
- 5.4 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund.

## **6 Stjórnarkjör**

- 6.1 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.
- 6.2 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
- 6.3 Ef hluthafar félagsins eru 200 eða fleiri geta hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Séu hluthafar færri en 200 þurfa hluthafar sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins að standa að kröfunni.

- 6.4 Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

## **7 Verkaskipting stjórnar**

- 7.1 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.
- 7.2 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundur skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fundur skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.
- 7.3 Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

## **8 Stjórnarfundir**

### **Lögmæti stjórnarfunda**

- 8.1 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

### **Atkvæðagreiðslur**

- 8.2 Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falli atkvæði jöfn þá skal atkvæði stjórnarformanns veita tvöfalt.

### **Fundargerðabók**

- 8.3 Stjórnendur skulu halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

### **Markmið og skyldur**

- 8.4 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur félaginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Stjórnin ræður forstjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.
- 8.5 Stjórnin veitir prókúruumboð.
- 8.6 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.
- 8.7 Félagsstjórn starfar skv. starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.

### **Stjórnarnefndir**

- 8.8 Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar skv. ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.

## **9 Forstjóri**

- 9.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.
- 9.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 9.3 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda allar þær upplýsingar sem hann óskar.

## **10 Reikningar og endurskoðun**

- 10.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

## **11 Eigið hlutafé félagsins**

- 11.1 Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hlutahafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Í starfsreglum stjórnar skal setja reglur um kaup og sölu á eigin hlutum.

## **12 Breytingar á samþykktum félagsins**

- 12.1 Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

## **13 Slit á félaginu**

- 13.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi skv. XIII. kafla hlutafélagalaga.

## **14 Samruni og skipting**

- 14.1 Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.

## **15 Sérákvæði um hlutafjárhækkanir og fleira.**

- 15.1 Stjórn félagsins hefur heimild til þess að hækka hlutafé félagsins í áföngum eða í einu lagi um allt að kr. 12.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til áskriftar að þessum nýju hlutum, sem nýttir skulu til að uppfylla kaupréttarsamninga sem gerðir verða við starfsmenn o.fl. samkvæmt þeirri kaupréttaráætlun sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum



sem stjórn félagsins eða forstjóri gera við hlutaðeigandi. Gildir heimild þessi í fimm ár frá samþykkt hennar. (Samþykkt á hluthafafundi 28. febrúar 2006).

- 15.2 Stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 60.000.000 að nafnvirði til að ráðstafa sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum eða til að fjármagna ytri vöxt Marel hf. Hluthafar skulu falla frá forkaupsrétti að hluta eða að öllu leyti. Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Heimild þessi gildir í 18 mánuði. (Samþykkt á hluthafafundi 18. ágúst 2006. Nýtt af heimildinni kr. 15.000.000 í september 2006).

## **16 Heimild stjórnar til að breyta hlutafé í evrum**

- 16.1 Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða útgáfu hlutafjár félagsins í evrum í stað íslenskra króna sbr. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 2. gr. samþykktu félagsins og varða breytinguna, með sömu umreiknunaraðferð.

## **17 Önnur ákvæði**

- 17.1 Þar sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.



Fyrirsagnir á einstökum greinum og upplýsingar með smækkuðu lettri innan sviga eru ekki hluti samþykktanna heldur settar inn til hægðarauka.

Samþykktir þessar voru samþykktar á hluthafafundi félagsins [●] og koma í stað eldri samþykktu.

Reykjavík, [●]

Pr. pr. [●]